

Ed. 554. Tillaga til þingsályktunar

um menntun kennara í Háskóla Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hversu breyta mætti uppeldi kennara með því að hafa tveggja vetra sérnám í Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og kennsluvísindum fyrir kennaraefni, sem hefðu tekið stúdentspróf, með nokkrum öðrum sérstökum undirbúningi fyrir kennarastarfið, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.

G r e i n a r g e r ð.

Í lögum um byggingu Háskóla Íslands, sem voru til meðferðar á Alþingi árin 1930, 1931 og 1932 og náðu þá samþykki Alþingis, er ákveðið, að í væntan-

legri háskólabyggingu skuli vera ætlað rúm fyrir kennslu í uppeldisvisindum. Auk þess var tryggt, að á háskólalóðinni yrði rúm fyrir fleiri byggingar vegna kennaraefna, er stunduðu þar nám.

Stjórn háskólans hefir nú falið húsameistara ríkisins að gera uppdrátt að væntanlegri háskólabyggingu, og starfar hann að því verki. Mun þar gert ráð fyrir nokkru húsrúmi vegna kennslu í uppeldisvisindum, en þó myndi málinu betra, að glögg ákvörðun yrði tekin um málið áður en lokið er við teikningu af húsinu. Er það ein af ástæðum til þess, að ég hreyfi nú málinu á Alþingi.

Þá hefir kennarafélagið á fundi sínum fyrir ári síðan samþykkt að óska þess, að farin yrði þessi leið. Læt ég fylgja með sem fylgiskjal tillögur kennarafundarins og greinargerð, er fylgir með. Hefir kennarastéttin þar fyrir sitt leyti gengið inn á þann grundvöll, er ég lagði í háskólafrv. 1930, og sem endanlega var ákveðin með háskólaögunum 1932.

Kennarafélagið byggir á því, sem rétt er, að námið í kennaraskólanum sé of stutt, og þeim stutta tíma verður að skipta á milli gagnfræðanáms og sérmenntunar. Tillaga kennaranna er því sú, að setja á stofn í háskólanum tveggja vetra nám í sálarfræði, uppeldisvisindum og verklegum æfingum, en að komið sé á fót sérstakri deild til að undirhúsa kennaraefnin í 4 ár að því er snertir alla almenna menntun. Vel má vera, að þetta væri heppilegt. En þar sem nú er vól á mjög mörgum stúdentum úr báðum menntaskólunum, sem hafa fengið þennan almenna undirbúning, og vita ekki nærri allir hvað þeir eiga að taka fyrir að loknu námi, þá virðist einsætt, að uppeldisvisindadeild háskólans fengi nemendur sína í framtíðinni úr menntaskólunum, ef til vill með nokkrum sérkröfum.

Að því er snertir laun kennara við barna- og unglingskóla, þá munu þau smátt og smátt ekki verða lægri en laun margra háskólagenginna manna. Og á Akureyri er vistin í menntaskólanum og heimavist hans það ódýr, að duglegir menn vinna þar fyrir námskostnaði sínum með sumarvinnu. Og fjöldi dugandi manna brýzt í gegnum nám í báðum skólunum, þó að þeir séu fátækir og eigi fáa hjálparmenn. Það er þess vegna fullkomlega tímabært að taka útrétta hönd kennarastéttarinnar í þessu efni og auka kröfurnar um leið og lífs- og starfsskilyrði kennara eru bætt.

Ég hygg, að heppilegast væri í þessum efnum að hafa sérstaka kennslu í sambandi við 6. bekk Akureyrarskólans fyrir þau stúdentsefni, sem ætluðu að ganga í uppeldisvisindadeildina, og að nemendur úr Reykjavíkurskóla væru á Akureyri þann vetur. Auk hins venjulega bóklega náms þyrftu slíkir menn að læra teikningu og smíði. Auk þess þyrftu þeir að vera hraustmenni; vel færir íþróttamenn og ferðamenn, geta leiðbeint um garðyrkju og mörg önnur dagleg störf. Nokkuð af þessum lærdómi yrði að fá annarsstaðar, t. d. á væntanlegum garðyrkjuskóla á Reykjum. En af þessari greinargerð er ljóst, að hér er stefnt að djúptækri breytingu. Kennarinn á að vera félagi og forustumaður barnanna, ekki aðeins við andlega vinnu, heldur við íþróttir, ferðalög og margháttða líkamlega vinnu.

Tveggja ára nám í háskólanum í uppeldisvisindum og við verklegt kennslunám myndi vera stórmikil hjálp fyrir kennarastéttina. Þá gætu íslenskir kenn-

arar í fyrsta sinn fengið aðstöðu til að kynnast undir góðum starfsskilyrðum þeim niðurstöðum, sem uppeldisfræðingar nútímans hafa fundið með langvarandi og margháttuðum rannsóknum.

Sumir menn halda, að það sé litill vandi að kenna börnum. Til þess þurfi ekki nema lágmál af þekkingu. En þetta álit styðst ekki við dóm reynslunnar. Að visu geta börn ekki tekið á móti mjög miklum þekkingarforða. En það skiptir máli að láta þá réttu þekkingu í té á þeim rétta tíma, ekki of mikið og ekki of lítið, og með þeim aðferðum, sem bezt eiga við sálarlíf harna.

Með háskólabyggingarlögunum hefir Alþingi markað afstöðu sína í þessu máli, og með samþykkt sinni á kennaraþinginu 1935 hefir stéttarfélag kennara heitið málinu fylgi sínu. Nú liggur næst fyrir, að ríkisstjórnin láti rannsaka málið frá ýmsum hliðum fram til næsta þings, jafnframt því sem henni og byggingarnefnd háskólans ber skylda til að ætla væntanlegri deild fyrir uppeldisvísindi heppilegt húsrúm í væntanlegri byggingu Háskóla Íslands.

Fylgiskjal.

Fulltrúaþing Sambands íslenzkra barnakennara 1935 telur brýna nauðsyn, að undirbúningsmenntun kennara verði stórlega bætt frá því, sem nú er. Í því sambandi telur þingið sjálfsagt, að undirbúningsmenntun kennara verði skipulögð á nýjum grundvelli.

Þingið gerir tillögur um eftirfarandi fyrirkomulag:

1. Sett verði á stofn deild í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, svo sem gert er ráð fyrir í lögum um byggingu háskóla 1932.

Allir kennarar við barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu stunda nám við deild þessa í minnst 2 ár, og sé próf þaðan skilyrði fyrir kennararéttindum.

2. Í stað kennaraskóla Íslands komi 4 ára menntaskóli, er búi kennaraefni undir nám við uppeldisfræðideild háskólans, og veitir burtfararpróf þaðan aðgang að uppeldisfræðideild háskólans og er skilyrði þess, að nemandinn geti öðlazzt kennararéttindi með próf frá henni.

3. Heimavistir skulu vera bæði við menntaskóla kennara og uppeldisfræðideild háskólans.

4. Öllum þeim kennurum, sem starfandi eru þegar uppeldisfræðideild háskólans tekur til starfa, skal gert kleift næstu ár eftir að stunda nám við uppeldisfræðideild háskólans a. m. k. 1 ár, og hafi þeir rétt til að ljúka prófi þaðan.

Greinargerð.

(Inngangur).

Kennarastéttinni er tvímælalaust ljósari en öllum öðrum nauðsynin á stórlega endurbættum menntunarskilyrðum kennara. Kennarastéttin veit og skilur, að starf hennar er eitt hið allra vandasamasta viðfangsefni í þjóðfélaginu, og að þeir einir, sem hafa mikla æfingu, tækni og þekkingu, geta leyst það vel af hendi.

Íslenzku kennararnir hafa margoft látið þennan skilning í ljós á þingum sínum og annarsstaðar í ræðu og riti, og þeir hafa umfram allt sýnt hann í verki, bæði með því að leggja á sig erfiðar námsferðir til annara landa, oft með ærnum kostnaði, og með því að fjölmenna hvað eftir annað á námskeið hér heima.

En það er ekki nóg, að stéttin geri sér þetta ljóst í sinn hóp. Hún þarf einnig, og það sem allra fyrst, að flytja málið opinberlega og bera fram um það ákveðnar tillögur. Það hefir t. d. mikið gildi fyrir virðingu og álit stéttarinnar út á við, að kröfur í þessu máli komi frá henni sjálfri, áður en þær verða háværar meðal almennings. Þá getur það og haft mikla þýðingu fyrir launamálið. Það er að visu augljóst, að kennararnir eigi réttlætiskröfur til mikilla kjarabóta nú þegar, án tillits til menntunarmálsins, en hitt er jafnótvirætt, að það hlýtur að hafa áhrif á lausn launamálsins, ef sú staðreynd fæst viðurkennd, fyrst af kennarastéttinni sjálfri, og svo öllum almenningi, að til barna- og unglinga-kennslu þarf jafnmikla undirhúningsmenntun og til þeirra starfa, sem vandasömust hafa verið talin og útheimta mesta kunnáttu.

1. gr.

Í lögum um byggingu háskólans er gert ráð fyrir deild uppeldisvísinda, og í uppdrætti byggingarinnar mun vera ákveðið húsrúmi fyrir þessa deild. Það er því fullkomlega tímahætt, að kennarastéttin geri sér grein fyrir afstöðu þessarar væntanlegu stofnunar til kennaramenntunarinnar.

Sú leið er vitanlega til, að kennaraskóli Íslands haldi áfram að starfa og að útskrifa kennara með réttindum eftir sem áður, en að háskóladeildin skapi fáeinum útvöldum, og þá einkum þeim, sem eiga heima í Reykjavík, skilyrði til framhaldsnáms. En sú skipun myndi hrátt verða óviðunandi, bæði fyrir kennarastéttina og þjóðfélagið. Hætt er t. d. við því, að uppeldisfræðideild háskólans yrði ekki eins mikill sómi sýndur, ef nemendur yrðu aðeins litill hluti kennaraefna, og um kennaraskólann gæti það farið svo, að hann yrði ennþá vanræktari af þjóðfélaginu, þegar möguleikar væru komnir til að bæta upp annarsstaðar sérfræðikennsluna. Við þessu er enn hættara hjá okkur en stærri ríkjum. Og loks er sú mikla hættu, sem bæði kennarastéttinni sjálfri, samtökum hennar og félagsbaráttu og alþýðumenntuninni í landinu hlyti að stafa af því, ef nokkur hluti kennaranna fengi réttlindi til starfsins með stórum lakari undirbúningsmenntun en almennt væri viðurkennd nauðsynleg.

Samkvæmt því, sem hér er lagt til, myndi allt hið uppeldisfræðilega sérnám kennaraefnanna fara fram í háskóladeildinni og í barnaskólum, sem hafðir væru til tilrauna og kennsluæfinga. Kennslan myndi verða að nokkru leyti verkleg og að nokkru leyti í fyrirlestur og samtölum. Helztu námsgreinar yrðu ýmsar greinar barnasálarfræði og tilrauna-uppeldisfræði. Þá skólasaga, einkum hin nýrri, yfirlit yfir helztu bækur og tímarit uppeldisvísinda, lífeðlisfræði, líffærafræði, heilsufræði, kennslufræði, bæði einstakra námsgreina og almenn o. fl. Kennsluæfingar og tilraunir með börn gætu farið fram annaðhvort í sérstökum tilraunaskóla, sem háskóladeildin hefði umráð yfir, eða í barnaskóla bæjarins, einum eða fleiri. Kennsluæfingar ættu að verða miklu lífrænni og gagnýtari, með allt öðru fyrirkomulagi en nú er í kennaraskólanum.

Um ákvæði það, sem hér er sett viðvikjandi héraðs- og gagnfræðaskólakennurum, er það að segja, að sem stendur er engin námsstofnun eða stofnanir, miðað við menntunarfærni þessara kennara. Myndi því bætt úr brýnni þörf þessara skóla með þeirri tilhögun, sem hér er bent á. En auk þessa náms myndu þessir kennarar sennilega þurfa að nema sérstaklega þær greinir, sem þeir ættu að kenna við skólann.

2. gr.

Þar sem í tillögunni er talað um, að í stað kennaraskóla Íslands komi menntaskóli, þá er um að ræða skóla með allt annari námskrá og helzt annarsstaðar á landinu. Um leið og hin uppeldisfræðilega sérkennsla er komin að öllu leyti inn í háskólann, þá er kennaraskólinn orðinn allt annar. En auk þess hlýtur kennsla í öðrum greinum að breytast og nýjar greinar að bætast við. Þar sem gera má ráð fyrir, að þessi skóli yrði álika þungur og þeir menntaskólar, sem fyrir eru, gæti einnig komið til mála, í stað sérstaks skóla, að láta venjulegt stúdentspróf gilda til inntöku í uppeldisfræðideildina. En á móti því mælir margt, meðal annars það, að venjuleg stúdentsmenntun er kennaraefnum óhentug og ófullnægjandi í ýmsum greinum, svo sem eðlisfræði og efnafræði, jurtafræði, landafræði, íþróttum, söngfræði, teiknun og vantar ýmiskonar handavinnu. Í öllum þessum greinum þyrfti að leggja ýmist meiri eða annarskonar áherzlu en til venjulegs stúdentsprófs. Í íslenzku, ensku, þýzku og Norðurlandamálum yrðu kröfurnar sennilega álika og til stúdentsprófs. Í reikningi mætti vera minni yfirferð, meiri æfing í að búa til og leysa úr dæmum í sambandi við lífið umhverfis, æfing í að gera ýmiskonar statistik með línuritum, að reikna „correlationir“ o. s. frv. Í sögu mætti ef til vill vera minni yfirferð en til stúdentsprófs.

3. gr.

Það er sjálfsgöð krafa, sérstaklega vegna námskostnaðarins, að heimavistir verði bæði við menntaskóla og háskóladeild kennaraefnanna; sennilega yrði hagkvæmast að hafa menntaskólann utan Reykjavíkur, annaðhvort á Akureyri eða á heitum stað í sveit, t. d. á héraðsskólasetri. Á þann hátt ætti námskostnaður á ári ekki að þurfa að fara fram úr 400 kr., með því verðlagi, sem nú er.

Á það má benda í þessu sambandi, að hús kennaraskólans er mjög lélegt timburhús, enda byggt á lóð annarar stofnunar, og hægt að heimta það á brott þaðan hvenær sem er. Það þarf því fyrirsjáanlega áður en varir að byggja nýtt hús yfir kennaraskólann, enda þótt hann haldi áfram að starfa með núverandi fyrirkomulagi.

4. gr.

Þessi grein þarf ekki mikilla skýringa við. Það er augljóst mál, hversu æskilegt það væri bæði fyrir kennarana sjálfa og starf þeirra, að sem flestum gæfist kostur á að stunda nám við háskóladeildina, þegar hún kemst á fót. Má telja víst, að reyndir kennarar hefðu ekki minna upp úr eins árs námi en kennaraefnin læra á tveim árum.